

Til velferðarsviða

Reykjavík, 2. apríl 2020
2001208/6.1.1/jjh

Efni: Um undanþágur frá heimasóttkví


Við sérstakar aðstæður, þegar aðrar leiðir eru ekki færar, kann að koma til þess að sérhæfðir starfsmenn í sóttkví sem sinna lykil-þjónustu s.s. umönnun fatlaðra einstaklinga sem eru líka í sóttkví eða við innviði samfélagsins fái heimild til að snúa til vinnu að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Slík sóttkví kallast sóttkví B til aðgreiningar frá hinni almennu sóttkví. Hér er um sérstaka aðgerð að ræða í ljósi mjög krefjandi umhverfis við fordæmalausar aðstæður.

Undanþágu þarf að sækja um til sóttvarnalæknis en brot á reglum sóttvarnalæknis um sóttkví varða sóttvarnalög nr. 19/1997.

Fyrirtæki/vinnuveitandi sækir um fyrir hönd starfsmanna og má gera það áður en starfsmaður hefur gefið samþykki fyrir umsókn þar sem í flestum tilvikum er um starfsemi sem ekki þolir neinar truflanir að ræða en **starfsmaður þarf að vera samþykkur umsókn** og getur dregið umsókn til baka sem send hefur verið án hans samþykkis eða ef hann skiptir um skoðun á meðan sóttkví stendur.

Undanþágur frá heimasóttkví grafa undan áhrifum sóttkvíar til heftingar á útbreiðslu farsóttar í samfélaginu og setja einstaklinga í sóttkví og þá sem þeir umgangast (á vinnustað og heima við) mögulega **í aukna hættu** á smiti. Samþykki sóttvarnalæknis á undanþágum fylgja leiðbeiningar sem taka mið af aðstæðum á vinnustað og ætlað er að draga úr hættu á smitkeðju innan vinnustaðar. Þessum leiðbeiningum **skal dreifa til allra starfsmanna** sem starfa við slíkar aðstæður, ekki síst starfsmanna sem ekki eru í sóttkví en þurfa að vinna með öðrum sem eru í sóttkví. **Utan vinnustaðar gilda almenn ákvæði um sóttkví áfram þrátt fyrir undanþágu til að sinna störfum.**

Fyrirspurnir um undanþágur, umsóknir um undanþágu eða beiðni um afturköllun á undanþágu skal senda á svl@landlaeknir.is.



Þóroldur Guðnason sóttvarnalæknir